

Skýrsla og áritun bæjarstjóra og bæjarstjórnar

Ársreikningur Akraneskaupstaðar er gerður í samræmi við lög um ársreikninga, sveitarstjórnarlög og reglugerð um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga.

Rekstrartekjur sveitarfélagsins á árinu námu 11.699,7 millj. kr. samkvæmt ársreikningi fyrir A og B hluta, en þar af námu rekstrartekjur A hluta 10.343,8 millj. kr.

Álagningarhlutfall útsvars var 14,74%, sem er lögbundið hámark þess. Álagningarhlutfall fasteignaskatts í A-flokki nam 0,2306% en lögbundið hámark þess er 0,5%, í B-flokki nam álagningarhlutfall 1,32% sem er lögbundið hlutfall og í C-flokki nam álagningarhlutfallið 1,318% en lögbundið hámark þess er 1,32% auk heimildar sveitarstjórna til að hækka álagningu A og C flokkanna um allt að 25%.

Rekstrarniðurstaða sveitarfélagsins samkvæmt ársreikningi A og B hluta var jákvæð um 319,2 millj. kr., en rekstrarniðurstaða A hluta var jákvæð um 475,2 millj. kr. samkvæmt rekstrarreikningi. Eigið fé sveitarfélagsins í árslok 2023 nam 9.795 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi, en eigið fé A hluta nam 10.050,6 millj. kr.

Ársreikningur Akraneskaupstaðar fyrir árið 2023 er tilbúinn til endurskoðunar og afgreiðslu í bæjarráði og bæjarstjórn.

Akranesi, 18. apríl 2024.


Bæjarstjóri:



Bæjarráð Akraness hefur í dag rætt ársreikning Akraneskaupstaðar fyrir árið 2023 og staðfestir hann með undirritun sinni. Bæjarráð leggur til við bæjarstjórn Akraness að samþykka ársreikninginn.

Akranesi, 18. apríl 2023.

Bæjarráð:



Ársreikningur Akraneskaupstaðar fyrir árið 2023 hefur hlotið afgreiðslu bæjarstjórnar í samræmi við ákvæði 61. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og er staðfestur og áritaður við síðari umræðu í bæjarstjórn.

Akranesi, 14. maí 2024.

Bæjarstjórn:

